

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Gallon ehf. Eskifirði



Dags eftirlits	26.6.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Gallon ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Skútuvogi 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	630921-2280	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Andri Vífilsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Óskar Kristófer Leifsson	Staðsetning	733478,28 517684,715

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirlitinu er varða að virkni olíuskilja er ekki fullnægjandi og að merkingum á geymum er ábótavant. Þrjár ábendingar voru settar fram um að uppfæra þurfi áætlun um tímabundna og varanlega rekstrarstöðvun sem og umhverfismarkmið og að uppfæra þurfi öryggisblöð í möppu.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða olíubirgðastöð rekstraraðila á hafnarsvæðinu á Eskifirði. Heimilt er að geyma allt að 7.000 m<sup>3</sup> af olíu í nyrðri þró stöðvarinnar og þar af í stærsta geymi allt að 3.500 m<sup>3</sup> af olíu og allt að 2.150 m<sup>3</sup> af olíu í syðri þrónni, þar af 1.030 m<sup>3</sup> í stærsta geymi. Einnig er heimilt að taka á móti allt að 700 tonnum af úrgangsolíu á ári. Umhverfisstofnun getur auk þess heimilað, með skriflegum hætti, geymslu á allt að 2.150m<sup>3</sup> af olíu í syðri þrónni. Starfsleyfið gildir til 31. janúar 2034.

### Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð – uppfærslur áætlana, trygginga o.fl.
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Umgengni, aðkoma lóðar og skoðunarferð
- Önnur mál

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á mælingar og skil skv. 4. kafla. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit árið 2021 og engin ábending var sett fram.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á stöðinni frá síðasta eftirliti sem eru til komnar vegna landsigs, en stöðin er byggð á landfyllingu sem sigur stöðugt. Tilkynnt var um olíulykt í fiskvinnslu Eskju hf., sem staðsett er við hlið stöðvarinnar, í lok árs 2023. Farið var í umfangsmiklar aðgerðir í framhaldinu, neðri olíuskiljan (úr syðri þrónni) hefur verið aflögð. Hún var tæmd, allar lagnir blindaðar og skilja og lagnir hreinsaðar. Notkun á syðri þrónni hefur verið hætt og geymar standa tómir, með rifu á mannopum. Öllu því sem fer niður af áfyllingarplani og syðri þró (rigningarvatn) er dælt yfir í nyrðri þróna með brunndælu. Tilkynning barst um olíu í brunni við efri skilju (nyrðri þróna) þann 3. júlí sl. og vinnur rekstraraðili að úrlausnum hvað það varðar. Lokað hefur verið fyrir allt frárennsli frá stöðinni og verður svo áfram, á meðan lausn er fundin á málinu. Kom í ljós við skoðun í vetur að sjór flæðir inn í frárennislagnir sveitarfélagsins og því virka einstreymislokar skiljanna illa, auk þess sem loki við neðri skiljuna var af rangri gerð og hafði brotnað vegna seltu og álags. Efri skiljan er einnig komin í hærri stöðu en frárennislagnirnar vegna sigsins og því þarf að fara í framkvæmdir til að lagfæra það. Rekstraraðili vinnur að úrbótaáætlun hvað það varðar og sendir eftirlitsaðila um leið og ákvörðun um aðgerðir hafur verið tekin. Vinna þarf áætlunina í samráði við eiganda frárennislagnanna, Fjarðabyggð. Rekstraraðili hefur brugðist vel við vandamálinu og sýnt vilja til að leysa málið fljótt og örugglega.

Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi

stöðu að eftirliti loknu.

Alls eru tveir eldsneytisgeymar í notkun í stöðinni, nr. 740-B204 (Gasolía) og nr. 740-B205 (skipagasolía), báðir staðsettir í nyrðri þrónni. Hæðar radar er í báðum geymum. Voru þeir báðir þykktarmældir nú í ár og stöðust mælingu. Einnig eru 5.000L geymir fyrir bætiefni í gasolíu og lítill geymir fyrir litarefni olíu staðsettir í syðri þrónni.

Stöðin er tengd olíulögnum á tveimur bryggjum. Eldri olíulagnir liggja á löndunarbryggju en yngri olíulagnir á olíubryggju. Lögn nr. 201108-01, til Eskju hf. var aflögð en hefur nú aftur verið tekin í notkun. Var hún þrýstiprófuð árið 2023 og stóðst prófun. Lögn nr. P10120 var þrýstiprófuð í janúar sl. og stóðst prófun. Olíulagnir nr. P10110 og P10130 hafa verið aflagðar. Aðrar lagnir eru að hluta til ofanjarðar og innan þróar og því ekki krafa um þrýstiprófun á þeim hlutum lagnanna en þeir hlutar sem liggja utan þróar og neðanjarðar voru þrýstiprófaðir árið 2023 og stóðust prófunina.

Bensín er ekki geymt í stöðinni og enginn úrgangsolíugeymir er á staðnum en öll úrgangsolía fer í móttökugeymi Olíudreifingar á Norðfirði.

Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár en síðasta mæling var gerð nú í sumar.

Rekstrarhandbók var skoðuð í eftirliti en hún er einnig vistuð á rafrænu svæði rekstraraðila. Skráningar eru góðar og ekki gerðar athugasemdir þar um. Allar áætlanir, afrit af starfsleyfi, öryggisblöð og aðrar upplýsingar er krafa er gerð um að séu til staðar skv. starfsleyfi, eru aðgengilegar öllum starfsmönnum í gegnum CCQ rafrænt gagnakerfi rekstraraðila. Viðbragðsáætlun er aðgengileg í stöðvarhúsi.

Olíublautar tuskur og annar olíusmitaður úrgangur er tekinn jafn óðum með í olíubílana og þeim safnað saman í spilliefnakar og fer til móttökuaðila úrgangs á svæðinu. Nánast enginn annar úrgangur fellur til í stöðinni. Ísogsefni og mottur eru til staðar.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er til staðar.

Gengið var um stöðina og umhverfi hennar skoðað. Hlið stóð læst er að var komið og girðingar voru í lagi. Stöðin er snyrtileg á að líta. Merkingar geyma skv. viðauka I í rg. 884/2017 voru skoðaðar og þarf að gera úrbætur hvað þær varðar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 3.5 í starfsleyfi	Olía í frárennsli má að hámarki vera 15 mg/kg. Olía fannst í brunnum við olíuskiljur og virkni skiljanna því ekki fullnægjandi. Rekstraraðili vinnur að úrbótum.
Viðauka I í rg. 884/2017	Merkja skal geyma og lagnir skv. viðauka I í rg. 884/2017. Geymar voru ekki rétt merktir.



## ÁBENDINGAR

Ábending var sett fram um að senda skuli eftirlitsaðila uppfærða áætlun um tímabundna eða varanlega rekstrarstöðvun skv. gr. 1.5 í starfsleyfi.

Ábending var sett fram um að senda skuli eftirlitsaðila uppfærð umhverfismarkmið skv. gr. 2.1 í starfsleyfi. Var kynningarbæklingur þess efnis afhentur í eftirlitinu.

Ábending var sett fram um að uppfæra þurfi öryggisblöð skv. gr. 3.9 í starfsleyfi en eitthvað er um úreitt blöð í möppu.


## ANNAÐ

Nokkrar kvartanir hafa borist, bæði til rekstraraðila og eftirlitsaðila vegna olíulyktar frá niðurföllum í Eskju hf. vinna stendur yfir vegna þess. Tvö mengunaráhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti, annars vegar það sem um ræðir hér framar í skýrslunni og hins vegar fór olía í sjóinn er óhapp varð við löndun árið 2023 en hreinsun fór fram í samvinnu við hafnaryfirvöld og var um óverulegt magn að ræða.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 23.07.2024



Guðbjörg Stella Árnadóttir

